



Kæru forráðamenn

Nú styttist heldur betur í skólalok hjá okkur en þangað til er ýmislegt skemmtilegt á döfinni eins og sjá má hér að neðan.

Vorskipulag Stekkjaskóla2025

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
12. maí Skertur nemendadagur Kennslu lýkur kl:12:00, gæsla fyrir nemendur í frístund til kl. 13:10	13. maí	14. maí Þemadagur -kennslu lýkur 13:10 hjá öllum	15. maí Þemadagur - kennslu lýkur 13:10 hjá öllum	16. maí Þemadagur - kennslu lýkur 13:10 hjá öllum
19. maí	20. maí	21. maí	22. maí Skólamyndataka hjá 1. og 5. bekk.	23. maí Starfsdagur - Frí hjá nemendum
26. maí	27. maí	28. maí	29. maí Frídagur - Uppstigningardagur	30. maí
2. júní	3. júní Vordagur Skóladegi lýkur kl. 13:10	4. júní Vordagur Skóladegi lýkur kl. 13:10	5. júní  VORHÁTÍÐ Skóladegi lýkur kl. 13:10	6. júní Skólaslit 1.-3. bekkur kl. 9:00 4.-7. bekkur kl. 10:00 - nánar auglýst síðar



Á þemadögum og vordögum lýkur skóladeginum um kl. 13:00 hjá öllum nemendum skólans. Vordagar eru skipulagðir af umsjónarkennurum og koma nánari upplýsingar um þá í næstu vikubréfum árganganna. Foreldrafélagið kemur að vorhátíðinni eins og undanfarin ár og aðstoðar við að grilla pylsur og útvegar einhverja óvænta skemmtun. Nánara skipulag á vordögum og skólaslitum koma þegar nær dregur.

Nemendur munu fara í hjólaferðir á vordögum. Þeir nemendur sem að einhverjum ástæðum geta ekki hjólað eða gengið á milli staða verður komið á milli staða af starfsmönnum ef foreldrar gefa leyfi fyrir því. Mikilvægt er að forráðamenn sendi skólastjórnendum póst þar sem að fram kemur að barn megi vera farþegi í bíl með starfsmanni skólans ef það á við.

Kærar kveðjur, skólastjórnendur Stekkjaskóla